ORKUSTOFNUN

# Austurlandsvirkjun – Dimmugljúfur
# Byggingarefniskönnun 1993

**Skúli Víkingsson, Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð SV-ÞHH-93-05**

# Austurlandsvirkjun - Dimmugljúfur
## Byggingarefniskönnun 1993




1. mynd. Sýnatökustaðir 1992 og 1993.
Sjá nánar meðfylgjandi jarðgrunnskort.



Skúli Víkingsson, Þórólfur H. Hafstað




3. mynd. Sýni af möl og sandi af yfirborði hjallans




4. mynd. Sýni af sandi og mélugum sandi úr stóra hjallanum.

Verk þetta er unnið samkvæmt samningi Orkustofnunar og Landsvirkjunar frá síðastliðnu vori.

Undir lok júlímánaðar 1993 voru boraðar 17 holur með cobrabor á hjallasvæði innan við Dimmugljúfur.

Þá voru einnig tekin sýni á 12 stöðum; bæði af yfirborði og í bökkunum við ána. Að þessu sinni voru eingöngu tekin malar- og sandsýni. Þau voru sigtuð á Rb, en engar frekari prófanir gerðar.

Seinna um sumarið voru cobrahælar mældir inn af mælingamönnum Landsvirkjunar og þá voru í leiðinni mæld snið þvert yfir hjallann.

## 1. Jarðfræðiþættir sem máli skipta

Innan Dimmugljúfra og a. m. k. inn að núverandi jökulrönd stóð uppi vatn í ísaldarlok. Þetta lón fylltist (eða því sem næst) af jökulvatnsframburði, mest silti. Skýr standlína eftir lónið er í 560 til 565 m hæð. Hjallar við Sauðá eru einnig í þessari hæð. Annars eru þeir víðast í 545-550 m hæð.

Hjallarnir eru úr lónseti, sem víðast er harðnað og gert úr fínlega lagskiptu silti með mismiklu af sandi.

Þar sem Sauðá kom út í lónið myndaðist mikið af sandi, einkum þó út með hlíðinni í átt að Dimmugljúfrum. Þegar Jökla gróf sig niður í setið, grófst sandurinn mun auðveldar en mélan og stór hvammur myndaðist utan við Sauðá. Leifar af þessum sandi mynda eins konar fleyg inn í hjallann utan við hvamminn.

Ofan á lónsetinu er um 1-2 m þykk malarskán, sem sýnir að Jökla rann þarna á eyrum eftir að hún fór að grafa sig niður í berghaftið, sem hélt lóninu uppi, en það endaði svo með myndun Dimmugljúfra.

Könnunin í fyrra beindist einkum að mölinni á yfirborði. Í greinargerð okkar (SV/ÞHH-92/06) er gerð grein fyrir því hvað gera þurfi til að kanna sandinn og mölina. Þar var mælt með gröfu og cobrabor til þess arna. Gröfunni var sleppt af sparnaðarástæðum og niðurstöður eru þess vegna sem því nemur megurri. Litlu er þess vegna að bæta við um þykkt malarinnar og dreifingu í efnisgerð sandsins. Cobraborun er ekki hentug aðferð til að greina sundur möl og sand. Hins vegar virðast vera glögg skil þar sem méla tekur við af sandi. Þar kemst cobraborinn ekki lengra, þótt hann gangi að öllu jöfnu auðveldlega í geng um sand.

## 2. Sýni

Sýni sem tekin voru eru sýnd á 1. mynd. Sýnatökustaðir eru líka merktir á meðfylgjandi jarðgrunnskort, en sýnanúmer eru ekki merkt þar. Eftirtalin sýni voru tekin úr möl á yfirborði 92221, 92225, 93202, 93207, 93208, 93210, 93211 og 93213. Kornaferlar þeirra eru sýndir á mynd 3. Kornadreifingin er mjög svipuð.

Úr sandinum sem er undir mölinni syðst og nyrzt í hjallanum voru eftirtalin sýni tekin 92220, 92224, 93206, 93218, 93219, 93220, 93221 og 93222. Kornaferlar þeirra eru sýndir á mynd 4. Þessi sýni voru öll tekin úr hlíðum, nema 93206, sem var tekið inni á hjallanum þar sem mölin hylur sandinn ekki. Eins og fram kemur á ferlunum er kornadreifingin mjög svipuð. Efnið er fíngert og lítil kornadreifing (mikil sortering). Meðalkornastærðin liggur mjög nálægt mörkum sands og silts og nokkur sýnanna lenda að meiri hluta silt megin þeirra marka. Ekki voru tök á því að meta hvernig þessir kornastærðareiginleikar dreifast í setinu, en þó virtist sem setið yrði að jafnaði siltríkara nálægt botni, en auk þess eru siltrík lög hér og hvar í setinu.

## 3. Cobraborun

Við cobraborun er mældur rekstrarhraði borstanga; tekinn er tími á 20 cm bili og reynt að ráða í gerð jarðlags út frá borhraðanum. Bor-

hraðinn, eða öllu heldur fyrirstaðan, er skráður og teiknaður upp eins og sýnt er á myndunum hér á eftir. Venjan er að hætta borun þegar 20 cm rekast á lengri tíma en mínútu eða 10 cm á hálfri, en þetta er þó alltaf matsatriði hverju sinni. Í borlok er reynt að skilgreina hvernig borun hafi lokið. Þannig merkir fullyrðingin STOPP að borinn hafi nánast stöðvast, en fyrirstaðan sé ekki fullkomlega afgerandi. FAST merkir mjög ákveðna, harða fyrirstöðu. HÆTT þýðir að borari hafi ákveðið að nú væri nóg komið; oftast vegna hræðslu við að festa borstrenginn í holunni. Raunin var líka sú að verulega erfitt gat orðið að ná upp borstöngunum þar sem borað var eitthvað að ráði ofan í siltkennt efni. Þess vegna var borun stundum hætt áður en tilskildum hraðamörkum var náð, en miklu oftar var þó reynt til þrautar við að þröngva stöngunum niður og var þá farið langt upp fyrir fyrrnefnd tímamörk, eins og fram kemur á ferlunum hér á eftir.

Meðan á borun stendur er borstrengnum snúið rólega með handafli meðan hægt er. Borstrengurinn er settur saman úr metralöngum stöngum og er þetta gert til að þær skrúfist ekki í sundur og einnig minnkar þetta hættuna á að borstrengurinn festist í holunni. Ef borað er í gegn um fínkorna set, loðir efni gjarnan við stálin en þó einkum í sérstökum lykilraufum, sem eru efst og neðst á hverri borstöng, en einnig vill efni festast við oddinn. Þannig er stundum hægt að ráða nokkuð um það í hvaða jarðlag er borað. Á borhraðalínuritunum eru gerðar athugasemdir um þetta.



2.06 m, 123 s/20cm
Stopp. Á neðsta 1 m er dökkgrá grófméla etv. blandin fínsandi í raufum.



1.57 m, 145 s/20cm
Fast. Hnoðað þurrt silt á oddi; en ekkert tolldi í raufum.



1.21 m, 1280 s/20cm
Stopp. Oddur þurr og heitur. Blautt silt etv með fínsandi í neðstu raufum.



5.8 m, 25 s/20cm Hætt. Borstengur illa fastar. Méla á 2 -3 neðstu stöngum.




3.4 m, 68 s/20cm Stopp. Silt í neðstu raufum.




6.9 m, 152 s/20cm Stopp/fast.




0.63 m, 1407 s/20cm Stopp. Þurrt og hart silt á enda og í neðstu rauf.




6 m, 196 s/20cm Stopp.




5,18 m, 2200 s/20cm Stopp.




7.6 m, 90 s/20cm Stopp. Sandur og méla á enda og neðst á neðstu stöng; annars eingöngu sandur.




3.9 m, 70 s/20cm Hætt. Oddur hreinn en silt með fínsandi í neðstu raufum.




3.38 m, 136 s/20cm Stopp. Neðst er sandlaus méla en þurr og stöm




3.8 m, 79 s/20cm Stopp. Silt á neðstu rauf.




5.05 m, 388 s/20cm Stopp.




10.6 m, 72 s/20cm Silt loðir neðst




4.2 m, 197 s/20cm Stopp. Méla á neðstu lykilraufum




9.83 m, 640 s/20cm Fast.

## 4. Áætlað magn efnis




5. mynd. Svæðinu skipt í skika og rúmmál reiknað eftir cobraniðurstöðum.

Taflan sýnir flatarmál hvers reits, áætlaða meðalþykkt í honum og rúmmál reiknað á þeim forsendum í þúsundum rúmmetra. Hér er mölin á yfirborði tekin með, því að könnun á þykkt hennar fór ekki fram. Ef reikað er með 800 þúsund $m^3$ af möl verður sandurinn um 1700 $m^3$.

| Reitur | m² | m | þús. m³ |
|---|---|---|---|
| 0A | 71661 | 3.0 | 214 |
| AB | 94018 | 2.0 | 188 |
| BC | 66929 | 1.5 | 100 |
| CD | 54530 | 1.5 | 81 |
| DE1 | 23291 | 1.0 | 23 |
| DE2 | 9757 | 1.1 | 11 |
| DE3 | 17989 | 0.5 | 8 |
| EF1 | 24108 | 2.0 | 48 |
| EF2 | 24098 | 3.7 | 88 |
| EF3 | 26629 | 1.7 | 44 |
| FG1 | 20789 | 3.2 | 66 |
| FG2 | 45367 | 5.5 | 247 |
| FG3 | 35217 | 2.3 | 82 |
| GH1 | 10799 | 2.3 | 24 |
| GH2 | 44212 | 4.9 | 215 |
| GH3 | 35733 | 3.6 | 130 |
| HI | 40662 | 5.0 | 203 |
| IJ | 11249 | 5.0 | 56 |
| JI | 11454 | 5.0 | 57 |
| JK | 19123 | 5.0 | 95 |
| K0 | 10423 | 5.0 | 52 |
| K3 | 18315 | 3.0 | 54 |
| K4 | 29584 | 3.0 | 88 |
| L1 | 3384 | 2.0 | 6 |
| L2 | 10589 | 2.0 | 21 |
| S1 | 67297 | 5.0 | 336 |
| Alls | 827220 | | 2549 |

## 5. Landmælingar

Landsvirkjun mældi inn alla cobrahælana og fylgir hnitalistinn hér með.

Cobraholur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 93201 | 396603.146 | 494380.252 | 544.160 |
| 93202 | 396922.873 | 494114.912 | 548.666 |
| 93203 | 397050.462 | 494050.725 | 547.573 |
| 93204 | 397430.917 | 493811.057 | 548.754 |
| 93205 | 397557.708 | 493730.950 | 549.395 |
| 93206 | 397238.722 | 493933.028 | 548.508 |
| 93207 | 396986.566 | 493948.218 | 547.344 |
| 93208 | 397154.686 | 493843.976 | 547.991 |
| 93209 | 397369.937 | 493710.089 | 545.740 |
| 93210 | 397518.842 | 493611.845 | 548.768 |
| 93211 | 397452.442 | 493509.142 | 545.668 |
| 93212 | 397283.206 | 493610.283 | 544.246 |
| 93213 | 396377.567 | 494642.983 | 543.887 |
| 93214 | 397732.650 | 493550.944 | 549.518 |
| 93215 | 397825.861 | 493401.313 | 550.152 |
| 93216 | 398011.994 | 493165.795 | 550.718 |
| 93217 | 397960.669 | 493079.753 | 534.772 |

Um leið og cobraholur voru mældar inn, voru að okkar beiðni mæld snið þvert yfir hjallann. Þau voru síðan notuð til að meta efnismagnið. Ef þykkt malarinnar verður athuguð frekar, koma þau líka að góðu haldi við það. Sniðin eru merkt A-K eins og á meðfylgjandi korti. Hér fylgir listi yfir þessar mælingar eins og við fengum þær frá LV.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A01 | 396501.255 | 494755.807 | 545.610 | 0.000 | |
| A02 | 396484.757 | 494741.217 | 537.797 | 0.000 | |
| A03 | 396448.350 | 494701.355 | 540.847 | 0.000 | |
| A04 | 396446.110 | 494698.855 | 542.100 | 0.000 | |
| A05 | 396441.518 | 494694.706 | 543.429 | 0.000 | |
| A06 | 396415.703 | 494672.348 | 543.678 | 0.000 | |
| A07 | 396397.692 | 494658.219 | 543.315 | 0.000 | |
| A08 | 396360.714 | 494628.193 | 543.939 | 0.000 | |
| A09 | 396327.341 | 494600.643 | 544.126 | 0.000 | |
| A10 | 396322.779 | 494597.847 | 543.126 | 0.000 | |
| A11 | 396314.421 | 494591.659 | 540.983 | 0.000 | |
| A12 | 396292.530 | 494573.609 | 539.876 | 0.000 | |
| A13 | 396265.857 | 494552.098 | 538.466 | 0.000 | |
| A14 | 396264.300 | 494550.843 | 537.970 | 2.000 | NEÐAN BRÚN |
| A15 | 396262.743 | 494549.587 | 536.966 | 2.000 | NEÐAN BRÚN |
| B01 | 396747.094 | 494499.855 | 548.792 | 0.000 | |
| B02 | 396738.700 | 494492.191 | 544.364 | 0.000 | |
| B03 | 396734.762 | 494488.341 | 543.061 | 0.000 | |
| B04 | 396728.138 | 494481.961 | 542.945 | 0.000 | |
| B05 | 396725.653 | 494479.337 | 541.714 | 0.000 | |
| B06 | 396710.246 | 494467.324 | 541.465 | 0.000 | |
| B07 | 396706.205 | 494464.598 | 541.636 | 0.000 | |
| B08 | 396698.006 | 494457.713 | 543.917 | 0.000 | |
| B09 | 396665.927 | 494430.377 | 543.914 | 0.000 | |
| B10 | 396603.062 | 494380.364 | 544.132 | 0.000 | |
| B11 | 396588.176 | 494368.663 | 543.720 | 0.000 | |
| B12 | 396585.359 | 494365.616 | 544.467 | 0.000 | |
| B13 | 396556.139 | 494340.613 | 543.904 | 0.000 | |
| B14 | 396544.147 | 494330.833 | 545.018 | 0.000 | |
| B15 | 396536.009 | 494323.980 | 545.003 | 0.000 | |
| B16 | 396530.315 | 494319.613 | 543.126 | 0.000 | |
| B17 | 396526.062 | 494316.270 | 541.203 | 0.000 | |
| B18 | 396520.874 | 494311.761 | 540.355 | 0.000 | |
| B19 | 396510.274 | 494303.842 | 539.313 | 0.000 | |
| B20 | 396508.671 | 494302.646 | 539.010 | 2.000 | |
| B21 | 396507.069 | 494301.449 | 538.410 | 4.000 | |
| B22 | 396487.040 | 494286.487 | 530.910 | 25.000 | BRUN |
| C01 | 396896.976 | 494365.089 | 550.990 | 0.000 | |
| C02 | 396891.789 | 494360.698 | 549.499 | 0.000 | |
| C03 | 396865.096 | 494333.294 | 548.358 | 0.000 | |
| C04 | 396858.899 | 494327.573 | 546.197 | 0.000 | |
| C05 | 396814.618 | 494282.761 | 544.894 | 0.000 | |
| C06 | 396788.109 | 494257.496 | 544.754 | 0.000 | |
| C07 | 396779.190 | 494249.707 | 545.383 | 0.000 | |
| C08 | 396737.965 | 494215.566 | 545.505 | 0.000 | |
| C09 | 396674.072 | 494157.802 | 545.480 | 0.000 | |

# Austurlandsvirkjun - Dimmugljúfur
## Byggingarefniskönnun

Skúli Víkingsson




Á sniðunum hér t. v. er sand- og malarhluti dalfyllunnar sýndur með rauðgulum lit, þ. e. sá hluti, sem cobrabor komst í gegnum. Tengt er beint á milli botns cobrahola og út í þekkt lagmót. Þar sem þykktarmælingar liggja ekki fyrir er gizkað á 1-2 m þykkt laust lag (í sniði C og vestast í sniðum D og E). Yfirborðið er teiknað eftir mælingum Landsvirkjunar.

Kortið er unnið í landfræðilegu upplýsingakerfi (Arc/Info®). Tölvuvinnsla og kortagerð: Höfundur.

Grunnur er kort Orkustofnunar 2449 í kvarða 1:20000 með 5 m hæðarlínubili. Þessi hluti kortsins var myndlesinn og vigraður á OS, en er aðeins að litlu leyti hreinsaður.

Snið og staðsetning cobrahola er hvort tveggja mælt af Landsvirkjun.




1,8/6Gs/Vm — 1,8 m af möl ofan á 6 m af jökulársandi, sem aftur hvílir á lónsilti. Talan framan við skástrikið táknar þykkt yfirborðsmalar ef ekki er annað tekið fram. Aftan við skástrik er sýnt hvað er undir mölinni. Stór stafur stendur fyrir setgerð, lítill fyrir kornastærð. G = jökulárset; V = lónset; s = sandur; m = silt.

- J1 — Jökulruðningur
- G1 — Jökulárset
- G2 — Jökulárset, þunnt
- Vs — Vatnaset, sandur
- Vm — Vatnaset, silt
- Jökulrákir. Skriðstefna í átt að athugunarpunkti
- Jökulkembur
- Þurr rás grafin í set
- Rofbakki
- Forn strandlína
- Mælt snið
- Mældur hæðarpunktur
- Jarðlagasnið
- Sýnatökustaður
- 93001 / 9.3 — Cobrahola. Heiti holu og dýpi.

OS VOD-JK-730 SV
93.12.0674

